

# S A M P Y K K T I R

f y r i r

hlutafélagið MATÍS ohf.

## 1. Heiti félagsins, heimili og tilgangur.

Félagið er stofnað samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar með heimild í 1. gr. laga um stofnun Matvælarannsókna hf., um rekstur Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti, sbr. samstarfssamning milli löntæknistofnunar og Landbúnaðarháskólans, og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar, sem samþykkt voru á Alþingi 3. júní 2006, lög nr. 68/2006.

Félagið er opinbert hlutafélag og er heiti þess Matís ohf.

Heimili félagsins er að Vínlandsleið 12, Reykjavík.

Tilgangur félagsins er að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis og fjármálalegri umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem um þetta gilda, svo og að reka aðra skylda starfsemi, sbr. 2. og 7. gr. laga nr. 68/2006. Þá er og tilgangur félagsins rekstur fasteigna og annar skyldur rekstur.

Heimilt er félaginu að stofna félag eða félög sem verði í eigu þess til að annast ákveðna þætti starfseminnar. Þá skal því einnig heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

Félaginu er heimilt að gera samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt skv. 1. mgr.

Hagnaði af rekstri félagsins skal varið í rannsókna- og nýsköpunarverkefni á vegum félagsins, svo og til uppbyggingar þess í samræmi við tilgang félagsins.

## 2. Hlutafé félagsins.

### 2.1. Hlutafé.

Hlutafé félagsins er kr. 150.000.000,-

Hver hlutur er að fjárhæð ein króna að nafnvirði.

Sjávarútvegsráðherra fer með hlut íslenska ríkisins í félaginu.

AS  
AK  
BH  
FF

## **2.2. Hækkun/lækkun hlutafjár – forgangsréttur.**

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til þess sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum.

Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

## **2.3. Hlutaskrá.**

Hlutabréf skulu tölusett og hljóða á nafn viðkomandi hluthafa.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum.

## **2.4. Sala – ráðstöfun hluta.**

Eigandaskipti í féluginu taka ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega.

Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fölum hlutum. Að féluginu frágengnu hafa hluthafar forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína.

Verði ágreiningur um verð hluta skal það ákveðið með mati tveggja óvilhallra manna sem dómkvaddir skulu verða til þess starfa. Forkaupsréttarhafi hefur tveggja mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð. Þá má eigi líða lengra en þrír mánuðir frá því kaup voru ákveðin þar til kaupverð er greitt.

Óheimilt er að veðsetja eða gefa hluti í féluginu án samþykkis félagsstjórnar.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í féluginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

## **2.5. Bann við lánveitingu.**

Félagið má eigi veita lán út á hluti sína.

## **3. Eigið hlutafé félagsins.**

Féluginu er heimilt að eiga eigin hluti að því marki sem lög leyfa.

Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í féluginu.

QS  
2  
FF  
HO

## **4. Hluthafafundir.**

### **4.1. Lögmæti hluthafafunda .**

Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra takmarka sem samþykktir þessar og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður.

Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafund og taka þar til mál. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafundi og fara með atkvæðisrétt sinn.

Á meðan íslenska ríkið er eigandi meirihluta hlutafjár í félaginu er fulltrúum fjölmiðla heimilt að sækja aðalfund félagsins sem og kjörnum fulltrúum eiganda, með rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir.

### **4.2. Aðalfundur.**

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok júní ár hvert.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- 1) Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
- 2) Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar.
- 3) Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðandi.
- 4) Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
- 5) Ákvörðun tekin um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda.
- 6) Starfskjarastefna stjórnar gagnvart framkvæmdastjóra (forstjóra) og annarra æðstu stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna félagsins skal tekin til meðferðar og samþykktar, með eða án breytinga, svo og tillaga um greiðslur til endurskoðenda félagsins.
- 7) Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni, sem löglega eru upp borin.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörinna endurskoðenda eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina stjórnvalda samkvæmt lögum um hlutafélög.

#### **4.3. Boðun hluthafafundar.**

Félagsstjórn skal boða til hluthafafundar með skriflegri tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan jafn sannanlegan hátt. Hluthafafund skal boða með sjö daga fyrirvara hið skemmsta.

Á meðan íslenska ríkið er eigandi meirihluta hlutafjár í félaginu skal boða stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og endurskoðendur félagsins á hluthafafund svo og fulltrúa fjölmiðla á aðalfund.

Aðalfund skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara.

Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og mættir eru hluthafar eða umboðsmenn þeirra, sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem ráða yfir 10% hlutafjár í félaginu hið minnsta.

#### **4.4. Fundarsköp.**

Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara. Fundarstjóri stýrir hluthafafundi og sker úr ágreiningi um lagaatriði sem kunna að koma fram á fundinum.

#### **4.5. Atkvæðavægi.**


Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

- að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar,
- að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum eða
- að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.



Handwritten signatures in blue ink, likely belonging to the members of the steering committee mentioned in the document.

#### **4.6. Fundargerð.**

Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum, allar ákvarðanir hluthafafunda og úrslit atkvæðagreiðslna.

#### **5. Félagsstjórn.**

Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn.

Á meðan íslenska ríkið er eigandi meirihluta hlutafjár í féluginu skal tryggja að í stjórn sitji sem næst jafnmargar konur og karlar.

Tilkynna skal skriflega skemmt fimm dögum fyrir hluthafafund um framboð til stjórnar. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í féluginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í féluginu.

Félagsstjórn úrskurðar um gildi framboðs, en hluthafafundur fer með endanlegt úrskurðarvald. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar hlutafélags skulu lagðar fram á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni.

Undirskriftir fjögurra stjórnarmanna skuldbinda félagið.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef fjórir stjórnarmenn sækja fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

Unnt er að halda stjórnarfundi með aðstoð rafrænna miðla, en stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri getur krafist þess að stjórnarfundur verði haldinn með þáttöku stjórnarmanna á fundarstað.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar. Á meðan íslenska ríkið er eigandi meirihluta hlutafjár í féluginu skal birta starfsreglurnar á vef félagsins ef til er en ella annars staðar á veraldarvefnum.

#### **6. Framkvæmdastjóri.**

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Ekki er heimilt að ráða stjórnarmann sem framkvæmdastjóra.

RE  
61.  
FF  
VTO

Stjórn félagsins veitir prókúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins í samræmi við þær reglur sem honum eru eða verða settar af stjórn félagsins eða samkvæmt samþykktum þessum.

Framkvæmdastjóri kemur fram fyrir félagsins hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að reikningshald félagsins sé í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggum hætti.

Framkvæmdastjóri hefur umsjón með starfsmannahaldi og ráðningu starfsmanna en hafa skal hann samráð við félagsstjórnina um ráðningu og uppsögn helstu lykilmanna félagsins.

Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

## 7. Reikningsár og endurskoðun.

Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið. Á hverju reikningsári skal semja ársreikning og skal stjórnin hafa lokið gerð hans eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund. Reikningurinn skal þá afhentur endurskoðanda félagsins til endurskoðunar.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag.

Endurskoðandi skal rannsaka ársreikning félagsins í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og fjarhagsstöðu og er honum jafnan heimill aðgangur að öllum bókum félagsins og skjölum.

Endurskoðandi skal hafa lokið endurskoðun ársreikninga eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Ber honum að senda endurskoðaða reikninga til stjórnar félagsins ásamt athugasemdum. Endurskoðaða reikninga félagsins skal leggja fyrir aðalfund til samþykktar.

Meðan íslenska ríkið er eigandi meirihluta hlutafjár í félaginu skal gera tillögu um að ríkisendurkoðandi endurskoði reikninga félagsins, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun.

## 8. Starfskjarastefna.

Stjórn félagsins skal samþykka starfskjarastefnu félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra (forstjóra) og annarra æðstu stjórnenda

félagsins, svo og stjórnarmana þess. Í starfskjarastefnunni skulu koma fram grundvallaratriði varðandi starfskjör stjórnenda og stjórnarmana og stefnu félags varðandi samninga við stjórnendur og stjórnarmenn. Jafnframt skal koma þar fram hvort og þá við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma heimilt sé að greiða eða umbuna stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar grunnlaunum.

## 9. Breyting á samþykktum félagsins.

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé í féluginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða í landslögum, sbr. 93. gr. hfl.

## 10. Slit á féluginu.


Með tillögur um slit og skipti á féluginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hlutahafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

## 11. Önnur ákvæði.

Meðan íslenska ríkið er eigandi meirihluta hlutafjár í féluginu skal birta samþykktir þess á vef félagsins ef til er en ella annars staðar á veraldarvefnum. Jafnframt skal birta á sama stað ársreikninga, samstæðureikninga og sex mánaða árshlutareikning félagsins á meðan það er opinbert hlutafélag.

Þar sem ákvæði samþykktta þessara segja ekki til um, hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins og á aðalfundi þann 8. maí 2007, breytt á aðalfundi 27. sept. 2010.

  
Ágústa Guðmundsdóttir  
Ómar Sigmundsson  
Ólafur Þorláksson